



AÐGERÐAÁÆTLUN SVEITARFÉLAGSINS SKAGASTRANDAR

Aðgerðir Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna COVID-
19

1. útgáfa – 15. mars 2020

Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar



Efnisyfirlit

Tilfnið.....	2
Samhengi	2
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig	3
Starfsemi Félags- og skólaþjónustu A-Hún (FéLAHún).....	3
Þjónusta og starfsemi á vegum sveitarfélagsins:.....	5
Opnunartími og heimsóknir.....	5
Fundir.....	6
Eldhús, kaffi og veitingar	6
Hreinlæti og merkingar	7
Fjarvinna	7
Ferðalög	8
Annað - starfsfólk.....	8
Frekari upplýsingar	8
Gögn og upplýsingar annarra.....	9



Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur sveitarfélagsins leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Viðfangsefnið verður nálgast af yfirvegum og verður öllum tilmælum yfirvalda fylgt eftir, eins og almannavarna og landlæknisembættis. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi og faliðunar á vinnustöðum er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt og er áætlunin lifandi skjal sem tekur breytingum þegar þurfa þykir.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Sveitarfélagsins Skagastrandar við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 1. útgáfa, 13. mars 2020.

[Viðbragðsáætlun sveitarfélagsins má finna hér](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk bæjarins.

Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi sveitarfélagsins undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður.

Aðgerðaáætlunin er eins og fyrr segir í stöðugri endurskoðun.

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar til íbúa bæði á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúasíðum á facebook.



Í þessari samantekt er einnig að finna skilaboð frá stofnunum tengdum bænum, auk upplýsinga frá félagasamtökum sem þess hafa óskað.

Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Starfsemi Félags- og skólaþjónustu A-Hún (FélaHún)

Líkt og aðrar stofnanir fylgir FélaHún leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda og stofnana frá degi til dags. Eftirfarandi eru ráðstafanir skv. tilkynningu frá (FélaHún)

- **Allir þjónustubættir eru virkir**, þ.e. félags- og skólaþjónusta, barnavernd, þjónusta við aldraða sem og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og ábyrgð Félags- og skólaþjónustunnar, þ.e. skipulag félagslegrar heimaþjónustu og liðveisla. Starfsemi félagslegrar heimaþjónustu er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og helst óbreytt að sinni.
- Ef einstaklingar eru með liðveislu eða heimaþjónustu og eru í sérstökum áhættuhópi skulu einstaklingar meta það sjálfir hvort þeir vilja njóta þjónustunnar áfram. Í samráði við sveitarfélagið er í einhverjum tilvikum hægt að breyta fyrirkomulagi til þess að reyna að takmarka áhættu eins og hægt er.
- Lokahátíð Stóru Upplestrarkeppninnar, valgreinahelgi unglingsstigs og öðrum uppkomum grunn- og leikskólanna á svæðinu er frestað. Nánari upplýsingar um starfsemi skólanna er í aðgerða- og viðbragðsáætlunum þeirra.
- Frestað er fundum sem ekki eru brýnir og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst. Upplýsingar um starfsfólk Félags- og skólaþjónustunnar eru á heimasíðunni www.felahun.is
- Barnaverndarstarf verður með hefðbundnum hætti, vitjunum eða viðtölum í barnavernd verður ekki frestað nema mjög brýn ástæða sé til (þ.e. einstaklingur í sóttkví eða einangrun).
- **Sæborg dvalarheimili aldraðra hefur verið lokað fyrir öðrum en heilbrigðisstarfsfólki.**
- Sveitarfélagið sér um matarsendingar til skjólstaðinga Sæborgar út í bæ.



- Ekki hefur verið lokað fyrir aðgang að Ægisgrund á Skagaströnd eða Hnitbjörgum íbúðakjarna á Blönduósi. Aðstandendur og gestir eru þó beðnir um að gæta varúðar þar sem einhverjir íbúa tilheyra áhættuhópi og eru í meiri hættu á að smitast af COVID-19 kórónaveirunni en aðrir.
- Er þeim tilmælum beint til fólks sem er með kvef eða flensulík einkenni eða hefur nýlega ferðast til skilgreindra áhættusvæða (sjá lista á www.landlaeknir.is) að gæta fyllstu varúðar og ekki koma í heimsókn til íbúa.
- Fólk sem eru frískt og hefur ekki ástæðu til að ætla að það hafi smitast af veirunni er velkomið í heimsókn, en um leið minnum við á að:
 - Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
 - Forðast snertingu við augu, nef og munn.
 - Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarofum.
 - Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.

Þjónustusímar eru:

- Aðalnúmer 455-4170
- Sæborg 452-2810
- Barnavernd 112 (eftir kl. 16 virka daga, kvöld, helgar og hátíðardaga)



Þjónusta og starfsemi á vegum sveitarfélagsins:

Opnunartími og heimsóknir

Tekið hefur verið fyrir heimsóknir í stofnanir og húsnæði sveitarfélagsins, nema fyrir þá sem þangað eiga **brýn erindi**. Það er í höndum forstöðumanna stofnana að sjá um framkvæmd á þessu. Við óskum eftir góðri samvinnu og skilningi. Nánar tiltekið er um að ræða:

A. Veruleg takmörkun; einungis notendur þjónustu

- **Leikskóli, grunnskóli, íþróttahús, sundlaug, félagsmiðstöðin Undirheimar, námsstofa:**
 - Grunn- og leikskóli verða starfræktir með breyttu sniði og munu tilkynningar þess efnis verða sendar beint til notenda þjónustu og tilkynntar á heimasíðu sveitarfélagsins
 - Nemendur fara ekki í heimsóknir í aðrar stofnanir en notaðar eru til skólastarfs um óákveðinn tíma. Gildir þó ekki um útiveru.
 - **Íþróttir, sund og frístund falla niður á meðan á samkomubanni stendur.**
 - **Engar heimsóknir utanaðkomandi aðila eru leyfðar.**
 - Foreldrafundum er frestað um óákveðinn tíma eða sinnt í síma.
 - Komur forráðamanna sem fylgja ungum börnum í og úr skóla verða endurskipulagðar af skólastjórnendum. Forráðamenn sýni aðgát.
 - Starfsemi félagsmiðsöðvar tekur breytingum. Áhersla verður á að mæta félagsþörf án þess að skörun verði milli hópa. Verður útfærsla tilkynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og í póstsendingum til forráðamanna.
- **Skagastrandarhöfn/hafnarvog**
 - Einungis viðskiptavinir.
- **Skrifstofa sveitarfélagsins**
 - Einungis viðskiptavinir með brýn erindi.



- **Lokun eða frekari takmarkanir á heimsóknum verða tilkynntar ef til þeirra kemur en gera má ráð fyrir umtalsverðum röskunum á opnunartíma.**
- **Áhaldahús, umsjón fasteigna, slökkvistöð**
 - Einungis starfsfólk.
- **Bókasafn**
 - **Lokað þangað til annað verður tilkynnt**
- **Íþróttahús**
 - **Lokað þangað til annað verður tilkynnt**
- **Sundlaug**
 - **Lokað þangað til annað verður tilkynnt**
- **Félagsstarf aldraðra**
 - **Fellt niður þangað til annað verður tilkynnt**

Við hvetjum til samskipta í síma, tölvupósti eða fjarfundi. Sjá upplýsingar neðst í skjali.

Fundir

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa.
- Fundi nefnda, ráða og sveitarstjórnar má halda sem fjarfundi, ef nauðsyn krefur, sbr. breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
 - Unnið er að leiðbeiningum um formlega fjarfundi sem verða gerðar aðgengilegar.
 - Vegna óformlega funda má notast við fundarsíma/fjölsamtöl.
- Starfsfólk sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar skulu ekki taka þátt í fundum utanhúss, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal þó leita eftir því að taka þátt gegnum fjarfund.

Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.



- Matar- og kaffítímar (áhöld, aðferðir, frágangur) endurskipulagðir.
- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk skulu ekki haldnir.
- Framboð af matvælum í ísskáp takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.) Matur starfsfólks sé í lokuðum umbúðum.
- **Skólamötuneyti grunnskóla verður lokað á meðan á samkomubanni stendur.**

Hreinlæti og merkingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Hvetjum til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur langmestu máli og sprittun. Handþvottur skal ávallt valinn, sé þess kostur, en um 25 sek þvottur með sápu skilar mestum árangri, skv. leiðbeiningum.
- Í stofnunum okkar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Að upplýsa og fræða: Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku hið minnsta). **Forstöðumenn skulu sjá til þess að áherslur í þrifum verði endurskoðaðar og fara yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa (og spritta) sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv.**

Fjarvinna

- Til þess getur komið að starfsfólk þurfi að vinna fjarvinnu, þ.e. í störfum þar sem það á við. Það gæti t.d. komið til vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini.
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings, þannig að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða sveitarstjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.



- Starfsfólk er hvatt til að kynna sér eiðbeiningar um fjarfundi sem gerðar verða aðgengilegar.
- **Það starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða á nána aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma, sem ekki verður komist hjá að eiga dagleg samskipti við, er hvatt til að vinna heima sé þess kostur, komist útbreiðsla smits á það hátt stig að fólki sé þá veruleg hættu búin. Slíkt skal ákveðið í samráði við yfirmann.**

Ferðalög

- Engar ferðir til útlanda verða á vegum sveitarfélagsins. Þetta gildir þangað til annað verður ákveðið.
- Starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni og óskað eftir því að starfsfólk takmarki ferðalög nema nauðsyn beri til.

Annað - starfsfólk

- Förum eftir fyrirmælum landlæknis.
- Þau sem finna fyrir veikindum mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þau fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu.
- Við mælumst til þess að starfsfólk takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum og mannamótum utan vinnu.
- Þau sem telja sig hafa verið í samskiptum við einstaklinga sem eru í sóttkví eða hafa fengið veiruna skulu vinna í fjarvinnu.
- Við heilsumst ekki með handabandi og sleppum allri snertingu.
- Sjá nánar í viðbragðsáætlun sveitarfélagsins.
- Um greiðslur til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna COVID-19, fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. mars 2020.

Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Sveitarfélagsins Skagastrandar www.skagastrond.is



Við erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/skagastrond>

Senda má fyrirspurnir á netfangið sveitarstjori@skagastrond.is, eða hringja í 455-2700 (skristofa).

Ef erindið er brýnt og utan opnunartíma er hægt að hafa samband við sveitarstjóra í síma 848-0862.

- **Grunnskóli**
 - www.hofdaskoli.is
 - s. 452-2800
- **Leikskóli**
 - <http://barnabol.hjalli.is/>
 - s. 452-2706
- **Íþróttahús**
 - s. 452-2750
- **Sundlaug**
 - s. 452-2806
- **Skagastrandarhöfn**
 - hofn@skagastrond.is
 - s. 452-2614

Gögn og upplýsingar annarra

Minnt er á [vef landlæknis](#) þar sem nalgast má allar helstu upplýsingar um COVID-19 sem eru uppfærðar í rauntíma.

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga.](#)



Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.

[Samband íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum.](#)

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar

15. mars 2020